



Skautasamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
Ísland

Þing Skautasambands Íslands ÍSS Laugardaginn 19. maí kl 12:30

Fundarsalur Skautahallarinnar á Akureyri

1. Þingsetning

Elísabet Eyjólfsdóttir formaður ÍSS býður gesti velkomna á þingið.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Elísabet gerir að tillögu sinni að Viðar Sigurjónsson verði þingforseti og Sigrún Inga Mogensen verði þingritari. Samþykkt samhljóða.

Viðar Sigurjónsson kynnir sig fyrir fundargestum og hann er einnig fulltrúi ÍSÍ

3. Ávörp gesta

Stutt ávarp Viðars þingforseta

4. Kosnar fastar nefndir

Spurt er hvort þingið eigi að starfa í einni nefnd. Samþykkt að starfa í einni nefnd. Kjörbréfanefnd þarf þó að starfa. Tillaga um þriggja manna kjörbréfanefnd. Þórdís Ingvadóttir formaður kjörbréfanefndar, Bjarnveig Guðjónsdóttir og Grímur Sigurjónsson. Samþykkt samhljóða

ÍBR/BJÖRNINN Grímur Sigurjónsson, Harpa Eggertsdóttir, Helga Margrét Jóhannsdóttir

ÍBR/SR Margrét Ólafsdóttir, Ástríður Vigdís Traustadóttir, Bjarnveig Guðjónsdóttir, Helga Ívarsdóttir

ÍBA/SA Anna Guðrún Jóhannsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Þórdís Ingvadóttir.

Kjörbréfanefnd gerir ekki athugasemd við kjörbréfin.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu

Elísabet Eyjólfsdóttir formaður ÍSS les skýrslu

Anna Kristín Einarsson formaður mótanefndar les skýrslu mótanefndar

6. Skýrsla gjaldkera

Anna Kristín Einarsson les skýrslu gjaldkera

7. Umræður um skýrslur formanns/gjaldkera/mótanefnd

Spurt um mikinn hagnað, hvort það hafi verið viljandi. Ástæðan er tap á síðasta ári vegna þess að greiðsla vegna tölvukerfis hafði ekki borist frá ISU, hagnaður inn núna því greiðsla hefur borist. Athugasemd vegna efnahagsreiknis: ”gjöld umfram tekjur” á að vera ”tekjur umfram gjöld”. Spurt um fé inn á reikning hjá ÍSÍ, hvort ekki sé hægt að fá það greitt og setja inn á veltureikning. Elísabet útskýrir að ÍSÍ haldur alltaf eftir útbreiðslustyrk fyrir eitt ár í senn.

Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða

Skýrsla mótanefndar samþykkt samhljóða

8. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Fundargestir fara yfir fjárhagsáætlun. Spurt um keppnisgjöld. Styrkur frá ISU, fastur styrkur? Inni í þessari fjárhagsáætlun er styrkur frá 2006 og 2007. Spurt um tekjuliði varðandi afreksstefnuna, Anna Kristín svarar, tekjur koma frá ÍSÍ, frá skauturum vegna þátttöku í afreksstefnunni og svo er styrkja leitað.

Kostnaður vegna keppni? Þetta er það sem kostar að halda keppni.

Ríkisstyrkur? er vegna rekstur skrifstofu

Reikningar sambandsins samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

9. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið.

Engar lagabreytingar, það þarf að huga að því að taka út orðið

“leikreglnabreytingar”, þetta er gamalt orðalag frá því að hokký var með hlaupadeild í sambandi

Reglugerðabreytingar

Breyting á reglugerð 1.

- 1.1. breyting á orðalagi

Samþykkt samhljóða

Breyting á reglugerð 2

- 2.1. og 2.2. dettur út og í staðinn kemur:

- 2.1. verður “ Keppanda sem keppir erlendis á vegum ÍSS er ekki heimilt að vera með neinar auglýsingar, hvorki á keppnisbúningum né æfingabúningum **meðan á keppnisferð stendur**”

Samþykkt samhljóða

Breyting á reglugerð 3

- 3.2 og 3.3 fellur út í heild sinni . Í staðinn koma nýjar reglugerðir fyrir 3.2 og 3.3. Samþykkt samhljóða

Breyting á reglugerð 6

Einföldun á framkvæmd

- 6.1. , 6.2. og 6.4. falla niður í heild sinni
Anna Kristín fer yfir 6.1. og hvað liggur að baki,
6.1. samþykkt.
- 6.2. Ákveðið að geyma afgreiðslu á 6.2 vegna 10.1.hefur áhrif á 6.2
- 6.4. breyting á nýrri reglugerð, hún verður: “Boðun til móta skal vera með eftirfarandi hætti:
Mótshaldari tilkynnir mót með minnst 8 vikna fyrirvara til formanns ÍSS, formanns mótanefndar, formanna félaganna **og mótstjóra viðkomandi móts**. Félögin tilkynna síðan þátttakendur 6 vikum fyrir mót.
- 6.7. ákveðið að bíða með 6.7. en hún dettur út ef 6.2. verður samþykkt.

Breyting á reglugerð 7

Tvær breytingatillögur á 7.1.

Fyrst lesin tillaga frá ÍSS, síðan frá SR , mismunandi orðalag. Grímur leggur til að tillaga 7.1. frá stjórn ÍSS verði lögð fram, engir vankantar á því þó að það starfi 4 aðilar í þjálfararáði

- 7.1. frá stjórn samþykkt samhljóða.
- 7.2. Bjarnveig spyr afhverju skilgreining á þjálfararáði sé tekin út, Elísabet svarar að ekki hafi verið talin þörf á að skilgreina starfsvið þjálfararáðs og leggur til að 7.2. standi óbreytt. Þingforseti leggur til að geyma 7.2. og 7.3. og fara fyrst í 7.4. en það er tillaga um tækniráð.
- 7.4. Spurt er hvað tækniráð geri. Helga Olsen útskýrir hlutverk þjálfararáðs og að tillögur frá þjálfararáði fari til tækniráðs sem fer yfir þær. Anna Kristín segir að tækniráðsnefndir starfi alls staðar erlendis og að samsetning tækniráðs sé eins og hjá ISU.
- 7.4. er samþykkt samhljóða.
- 7.2. er dregin til baka og gamla reglugerðin stendur en inn í hana bætist “kemur með tillögur til stjórnar **og eða tækniráðs**”.....
Samþykkt samhljóða.
- 7.3. dettur út, samþykkt samhljóða
- 7.4. verður 7.3
- 7.5 verður 7.4, spurningu um hvort að dómara ráð sé fyrir alla dómara er svarað játandi, 7.4 er samþykkt samhljóða
- 7.6 verður 7.5. og er samþykkt samhljóða.

Reglugerð 9

- 9.1. samþykkt samhljóða
- 9.2. samþykkt samhljóða,

Reglugerð 10

Spurt um mun á 15 ára og eldri B og 18 ára og eldri B. Afhverju ekki er notað Senior B eða Junior B, getur verið erfitt fyrir keppendur að skilja muninn. Anna Kristín útskýrir ástæðuna, tilmæli frá ÍSÍ að nota íslensk orð og unnið að því að finna íslensk orð, skiptar skoðanir á hvort eigi að nota íslensk orð eða alþjóðleg.

Flokkur 18 og eldri B fyrir þær sem ná ekki inn í Senior úr Junior svo þær þurfi ekki að fara í 15 ára og eldri þar sem að lágmarkskröfurnar eru nokkuð lægri en í 18 ára og eldri B.

Athugasemd frá Helgu Ívars um að það vantar inn Vetrarmót í reglugerð 10 Tillaga frá formanni um að taka þinghlé í 15 mínútur og setja inn Vetrarmót í 10.1. og 10.9

- 10.1. bætist inn “**Novice flokka**”
- 10.2. fellur út í upprunalegri mynd en í stað kemur ný reglugerð 10.2. sem er” **Halda skal Vetrarmót þar sem keppt er í A flokkum barna. Framkvæmd þess skal falin 1. aðildarfélagi innan ÍSS, þannig að allir séu jafnt settir**”
- Fram að reglugerð 10.9 bætist **Novice** innan í allar reglugerðir.
- Gamla 10.9 fellur út og inn kemur í staðinn “ **Vetrarmót skiptist í eftirfarandi keppnisflokka:**

Stúlkur:

12 ára og yngri A

10 ára og yngri A

8 ára og yngri A

Drengir:

13 ára og yngri A

11 ára og yngri A

9 ára og yngri A

- 10.15 inn bætist Vetrarmót

Reglugerð 10 lögð fram í heilu lagi og hún samþykkt samhljóða með ofangreindum breytingum.

- 6.2 er samþykkt samhljóða með eftirtöldum breytingum:
Unglingamót dettur út og síðasta setningin verður:” Einnig sér mótanefnd um samskipti við fjölmiðla og **kaup á verðlaunapeningum**
- 6.7. dettur út, samþykkt samhljóða

10. Teknar til umræðu aðrar tillögur og mál sem fyrir þinginu liggja

Engar tillögur lagðar fram

11. Nefndarálit og tillögur

12. Kosning stjórnar og varastjórnar samkvæmt 9.gr

Elísabet Eyjólfsdóttir formaður, Sigurlína Jónsdóttir varaformaður og Anna Kristín Einarson gjaldkeri hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér í áframhaldandi störf fyrir ÍSS.

Stjórn ÍSS leggur til eftirfarna í stjórn:

June Eva Clark formaður. Samþykkt
Aðrir í stjórn, Christine Savard, Þórdís Ingvadóttir, Árni Bragason og Sigrún Inga Mogensen.

Varastjórn: Heiða Hrönn Hreiðarsdóttir, Kristín Linda Kristinsdóttir, Erlendína Kristjánsson

Bókun frá SR

- Margrét vill að bókað verði að þeim finnist óeðlilegt að ekki skuli hafi verið kynnt fyrir félögunum að fyrir liggi allar þessar breytingar á stjórn ÍSS, jafnframt óeðlilegt að leitað skuli hafi verið til foreldris innan SR án þeirrar vitneskju
- Einkennilegt að formaður félags sé í stjórn skautasambandsins

SR biður um stutt þinghlé.

SR vill bæta við tveimur frambjóðendum
Í aðalstjórn : Ástríður Vigdís Traustadóttir
Í varastjórn: Bjarnveig Guðjónsdóttir

Kjósa þarf um aðalmenn fyrst og síðan um varamenn. Það er kosið um hvern mann fyrir sig.

Tillaga stjórnar ÍSS um nefndarmenn í aðalstjórn samþykkt
Tillaga stjórnar ÍSS um menn í varastjórn samþykkt

13. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Tilnefndir eru Gunnar Bragason og Auður Harðardóttir
Varamenn Jón Gestur Viggóson og Elísabet Eyjólfsdóttir

14. Önnur mál

- Margrét vill að allt verði gert til að halda inni báðum prógröfum hjá Novice, Junior og Senior á Íslandsmóti barna og unglinga.

- Anna Kristín heldur stutta tölu um framtíðarsýn sína á skautaiþróttinni á Íslandi
- Elísabet óskar nýkjörnum formanni til hamingju og nýrri stjórn
- Ástríður fyrrverandi formaður SR talar um samskipti ÍSS og SR og ræðir um rétt SR til að fá bréflugar skýringar á ýmsum ákvörðunum ÍSS
- Margrét formaður SR ræðir um markmið og framtíðarsýn SR og finnst vanta stuðing frá ÍSS.
- Sigurlína heldur smá tölu um mikilvægi góðra samskipta á milli félaganna, og þá út frá sjónahóli skautaranna.
- Helga Olsen þakkar fráfarandi stjórnarmönnum fyrir gott samstarf á undanförunum árum.
- Anna Kristín gefur Elísabetu málverk fyrir hönd stjórnar ÍSS fyrir frábær störf undanfarin tíu ár
- June formaður gefur Sigurlínu fráfarandi varaformanni og Önnu Kristínu fráfarandi gjaldkera gjöf.
- Viðar þingforseti óskar nýrri stjórn til hamingju og fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf.
- Viðar þingforseti segir að greinilega sé mikill misskilningur í gangi milli stjórnar SR og ÍSS og hann mælist til þess að unnið sé saman að heilindum og unnið að því að lægja öldurnar
- Viðar þakkar fyrir þingið
- June nýr formaður þakkar fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir vel unnin störf.

Þingi slitið kl 15:50

Sigrún Inga Mogensen þingritari

